

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 19. nóvember 2001, á skrifstofu Heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ, og hófst hann kl. 17:30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra og Þorsteins Þorvarðarsonar, heilbrigðisfulltrúa.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 45. fundar heilbrigðisnefndar.

Samþykkt

2. Fundargerð 37. starfsmannafundar frá 14. nóvember 2001.

2.1 Starfsleyfi.

2.1.1 Auðbrekka 7, Kópavogi - rafvéla verkstæði.

Lögð fram umsókn Óla Þórs Ingvarssonar f.h. Fasa s.f. kt: 540570-0279, dags. 8. nóvember 2001, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til reksturs rafvéla verkstæðis að Auðbrekku 7, Kópavogi. Endurnýjun.

Starfsleyfi samþykkt til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.2 Bakkabraut 2, Kópavogi - vörugæmsla.

Lögð fram umsókn Evu Karlsdóttur f.h. Íslenska Þökkunarfélagsins ehf. kt: 420189 – 1339, dags. 30. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vörugæmslu að Bakkabraut 2, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.3 Borgarholtsbraut 59, Kópavogi - daggæsla.

Lögð fram umsókn Lilju Óladóttur kt: 110672-3739 dags. 13. nóvember 2001, sem sækir um leyfi til að reka daggæslu að Borgarholtsbraut 59, Kópavogi. Eigendaskipti. Frestað.

2.1.4 Dalvegur 28, Kópavogi - plastvinnsla.

Lögð fram umsókn Hreins Haukssonar f.h. Kjarnaglugga s.f. kt: 650488-1569, dags. 6. nóvember 2001, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til reksturs plast- og frauðefnavinnslu að Dalvegi 28, Kópavogi. Endurnýjun.

Starfsleyfi samþykkt til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.5 Drangahraun 3, Hafnarfirði - trésmiðja.

Lögð fram umsókn Arnars Héðinssonar f.h. Byggingalistar ehf. kt: 571299-2599, dags. 30. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs trésmiðju án lökkunar að Drangahrauni 3, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.6 Fannborg 8, Kópavogi - félagsaðstaða fullorðinna.

Lögð fram umsókn Sigurbjargar Björgvinsdóttur (Kópavogsbær) f.h. Félagsheimilisins Gjábakka kt: 700169-3759-010, dags. 23. október 2001, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til reksturs félagsaðstöðu fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi að Fannborg 8, Kópavogi. Endurnýjun.

Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan mánaðar.

2.1.7 Fífuhvammsvegur 23, Kópavogi - plastiðnaður.

Lögð fram umsókn Þórðar Hafliðasonar f.h. Polyto, kt: 500269-6429, dags. 7. nóvember 2001, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til reksturs plastiðnaðar að Fífuhvammsvegi 23, Kópavogi. Endurnýjun.

Starfsleyfi samþykkt til 4 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.8 Gullsmári 13, Kópavogi - félagsaðstaða fullorðinna.

Lögð fram umsókn Sigurbjargar Björgvinsdóttur (Kópavogsbær) f.h. Gullsmára, félagsmiðstöð kt: 700169-3759-035, dags. 23. október 2001, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til reksturs félagsaðstöðu fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi að Gullsmára 13, Kópavogi. Endurnýjun.

Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan mánaðar.

2.1.9 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - barnaskemmtistaður.

Lögð fram umsókn Ernu Reynisdóttur f.h. Veraldar okkar ehf. kt: 690601-3110, dags. 24. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs barnaskemmtistaðar í Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Frestað og óskað eftir gögnum um öryggisstaðla.

2.1.10 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - veitingahús.

Lögð fram umsókn Júlíu M Jónsdóttur f.h. Energía (Mána) ehf. kt: 600898-2809, dags. 31. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kaffihúss með matsölu í Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 1 mánaðar.

2.1.11 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - verslun.

Lögð fram umsókn Baugs hf. f.h. Debenhams á Íslandi kt: 670601-3150, dags. 13. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtivöruverslunar í Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.12 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - verslun.

Lögð fram umsókn Eyglóar Sif Steindórsdóttur f.h. Gullsmiðju Óla kt: 071060-3229, dags. 10. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs húðgötunar í versluninni í Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að jákvæða afstöðu landlæknins.

2.1.13 Hamraborg 10, Kópavogi - veitingahús.

Lögð fram umsókn Kristófers H Helgasonar f.h. River Gauche kt: 101166-5709, dags. 6. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kaffihúss með matsölu að Hamraborg 10, Kópavogi. Eigendaskipti.

Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 1 mánaðar.

2.1.14 Meðalbraut 18, Kópavogi - prentiðnaður.

Lögð fram umsókn Valbergs Sigurðssonar f.h. Prentsmíði ehf. kt: 480873-0179, dags. 7. nóvember 2001, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til reksturs prentiðnaðar að Meðalbraut 18, Kópavogi. Endurnýjun.

Starfsleyfi samþykkt til 4 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.15 Miðhraun 22, Garðabæ - efnaiðnaður.

Lögð fram umsókn Harðar Filipssonar f.h. H. Filipsson s.f. kt: 620591-1149, dags. 6. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs efnaiðnaðar að Miðhrauni 22, Garðabæ. Breytingar á húsnæði.

Starfsleyfi samþykkt til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.16 Miðhraun 22b, Garðabæ - verkstæði.

Lögð fram umsókn Kristjáns H Lárussonar f.h. Heimir og Lárus s.f. kt: 411173-0389, dags. 6. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis að Miðhrauni 22b, Garðabæ. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.17 Reykjavíkurvegur 72, Hafnarfirði - sólbaðstofa.

Lögð fram umsókn Finns Sveinbjörnssonar f.h. Fjarðarsól (Framsýn Miðlun ehf.) kt: 550201-2670, dags. 12. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sólbaðsstofu að Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.18 Skemmuvegur 34, Kópavogi - skiltagerð.

Lögð fram umsókn Erlings Sigurðssonar f.h. Augljósrar Merkingar ehf. kt: 490196-3079, dags. 5. nóvember 2001, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til reksturs skiltagerðar að Skemmuvegi 34, Kópavogi. Endurnýjun.

Starfsleyfi samþykkt til 20 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.19 Smáratorg 1., Kópavogi – matvöruverslun.

Lögð fram umsókn Bónus kt: 450199-3389, dags. 6. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar án vinnslu að Smáratorgi 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að samþykktar teikningar að staðsetningu og frágangi sorphirsla liggja fyrir og að innra eftirlit verði komið á innan mánaðar.

2.1.20 Smiðjuvegur 4, Kópavogi - hárgreiðslustofa.

Lögð fram umsókn Láru Stephensen f.h. Hársmiðjunnar kt: 520796-2319, dags. 6. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Smiðjuvegi 4, Kópavogi. Breytingar á húsnæði.

Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.21 Smiðjuvegur 9a, Kópavogi - málmsmiði.

Lögð fram umsókn Sveins Pálmasonar f.h. Stálbæjar ehf. kt: 520190-1129, dags. 13. nóvember 2001, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til reksturs járn- ál- og stálsmiðju að Smiðjuvegi 9a, Kópavogi. Endurnýjun.

Starfsleyfi samþykkt til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.22 Smiðjuvegur 66d, Kópavogi - verkstæði.

Lögð fram umsókn Klemens Gunnlaugssonar f.h. Landvéla ehf. kt: 420269-3159, dags. 22. október 2001, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til reksturs verkstæðis að Smiðjuvegi 66d, Kópavogi. Endurnýjun.

Starfsleyfi samþykkt til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmst gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.23 Vallargerði 38, Kópavogi - daggæsla.

Lögð fram umsókn Halldóru Þ Leifsdóttur kt: 200657-2099, dags. 13. nóvember 2001, sem sækir um leyfi til reksturs daggæslu að Vallargerði 38, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt fyrir allt að 10 börnum.

2.1.24 Versalir 5, Kópavogi - grunnskóli.

Lögð fram umsókn Kópavogsbæjar f.h. Salaskóla kt: 670601-3070, dags. 7. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs grunnskóla með móttökueldhúsi að Versölum 5, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan mánaðar.

2.2 Umsagnir.

2.2.1 Ásvellir, Hafnarfirði - Félagsheimili Hauka.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 5. nóvember 2001, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Bjarna H Geirssonar kr: 150344-3609, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Félagsheimili Hauka kt: 600169-0419, að Ásvöllum, Hafnarfirði. Samþykkt jákvæð umsögn.

2.2.2 Dalshraun 11, Hafnarfirði - Síam.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 29. október 2001, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Stefaníu Sigrúnu Björnsdóttur kt: 180860-4369, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Veitingahúsið Síam, Dalshrauni 11, Hafnarfirði. Samþykkt jákvæð umsögn.

2.2.3 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - Máná ehf.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Kópavogi dags. 19. október 2001, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Júlíu Margrétar Jónsdóttur kt: 050269-3379, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Máná ehf. kt: 600898-2809, í Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi. Samþykkt jákvæð umsögn.

2.2.4 Linnetstígur 1, Hafnarfirði - Tilveran.

Lagt fram bréf Hafnarfjarðarbæjar dags. 31. október 2001, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kristínar Ernu Gísladóttur kt: 060253-3589, sem sækir um áfengisveitingaleyfi fyrir Tilveruna, Linnetstíg 1, Hafnarfirði. Samþykkt jákvæð umsögn með tilliti til svipmóts.

3. Matvælaeftirlit.

Þorsteinn Þorvarðarson, heilbrigðisfulltrúi, kynnti framkvæmd matvælaeftirlits og stöð mála varðandi innra eftirlit matvælafyrirtækja.

4. Starfsleyfi fyrir Reykjavíkurlugvöll.

Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 5. nóvember s.l. ásamt drögum að starfsleyfi fyrir Reykjavíkurlugvöll.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að koma á framfæri athugasemdum við drögin varðandi atriði sem snúa að hávaðavörnum m.t.t. íbúa Kópavogs, upplýsingagjöf vegna umhverfismála til almennings og áhættu mat.

5. Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi í Urriðaholti, Garðabæ.

Lögð fram auglýsing Garðabæjar um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 í Urriðaholti og tillaga að deiliskipulagi fyrir hátækningar í Urriðaholti í Garðabæ.

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að taka upp viðræður við skipulagsfulltrúa um undirbúning að flokkun Urriðavatns samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og ákvæði 3.2 gr. skipulagsreglugerðar.

6. Samþykkt um rotþrær og sagntanka fyrir Kópavog.

Lögð fram tillaga að heilbrigðissamþykkt um rotþrær og safntanka fyrir Kópavog.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

"Heilbrigðisnefnd leggur til við bæjarstjórn Kópavogs að afgreiða samþykkt um rotþrær og safntanka fyrir Kópavog sem heilbrigðissamþykkt samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum."

7. Gjaldskrá fyrir hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá vegna hreinsunar taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ.

Eftirfarandi umsögn var gerð:

"Heilbrigðisnefnd telur umrædd gjaldskrá vera í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum"

8. Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Garðabæ.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá vegna sorphirðu í Garðabæ.

Eftirfarandi umsögn var gerð:

"Heilbrigðisnefnd telur umrædda gjaldskrá vera í samræmi við ákvæði 11. gr. og 21. gr. reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang og 25. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum.

9. Stjórnsýslukærum vegna landfyllingar í Arnarnesvogi.

Lögð fram erindi Umhverfisstofnunar frá 6. nóvember og 14. nóvember 2001 þar sem óskað er umsagnar um stjórnsýslukærum Brynju Dísar Valsdóttur, dags. 28. október 2001, Ásmundar Stefánsson f. h. hóps íbúa í Garðabæ, dags. 26. október 2001, Fuglaverndarfélag Íslands, dags. 26. október 2001, Náttúruverndar ríkisins, dags. 26. október 2001 og Náttúruverndarsamtaka Íslands, dags. 26. október 2001, vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar frá 20. september 2001.

„Heilbrigðisnefnd hefur tekið til umfjöllunar að ósk ráðuneytis framkomnar stjórnsýslukærum vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar frá 20 september s.l. um landfyllingu í Arnarnesvogi. Niðurstaða nefndarinnar er að aðrir aðilar búi yfir fyllri sérfræðipækkingu til að meta flesta þá þætti sem fram koma í stjórnsýslukærunum. Ástæða er þó til að taka fram að í umsögn sinni til Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum boðaðra framkvæmdar fjallaði nefndin hvorki um hávaðamengun frá nýju íbúðarhverfi né hávaðamengun eða mengun sjávar frá bátaumferð en að þeim þáttum er nokkuð vikið að í kærunum. Ástæður þess voru að umsögnin fjallaði um uppfyllinguna en ekki frekari skipulagsáætlanir.

Vakin er athygli á eftirfarandi atriðum ef ástæða er talin til að fjalla um landfyllinguna í víðara samhengi:

1. Fyrir er á svæðinu atvinnustarfsemi þ.m.t. höfn og málmiðnaður. Slíkri atvinnustarfsemi fylgir ákveðin mengun og hávaði, en henni er ætlað að víkja verði svæðið lagt undir íbúðabyggð. Áður en hugmyndir komu upp um að breyta svæðinu í íbúðarhverfi voru uppi áform um að taka í notkun dráttarslipp og auka þannig umsvif á svæðinu. Slík áform hefðu kallað á aukið álag á umhverfið en rúmast þó innan samþykks skipulags fyrir svæðið.
2. Aukinn hávaði í umhverfi, s.s. frá umferð, fylgir ávallt nýrri íbúðabyggð hvort sem henni er ætlaður staður á fyllingu í sjó, með strönd eða innar í landi. Með góðri hönnun og mót vægisáðgerðum ætti að vera hægt að draga úr hávaða að ákveðnu marki og tryggja að hann verði innan viðurkenndra marka.

3. Umhverfishávaði mun án efa fylgja bátaumferð í Arnarnesvogi en þar er höfn í dag. Arnarnesvogur getur verið viðkvæmari varðandi slíkan hávaða en önnur svæði sem eru með smábátahafnir. Nefndin telur þó að útleiga á „sjóþotum“ sé ekki fyllilega sambærileg starfsemi og smábátahöfn og sportsiglingar.
4. Réttilega er bent á í kærur að ákveðin olíu- og efnamegnun fylgir smábátum og smábátahöfn.
5. Nefndin telur að umhverfisbætandi áhrif þess að fergja mengað botnset hafi mikið vægi þegar til heildar er litið."

10. Dómsmál vegna hundahalds.

Lagt fram endurrit úr þingbók Héraðsdóms Reykjaness frá 7. nóvember 2001 í máli nr. E-118/2001 Þorgerður Nielsen gegn íslenska ríkinu, Bessastaðahreppi, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Úrskurðarorð: Máli þessu er vísað frá dómi.

11. Fundargerð.

Lögð fram fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd frá 4. nóvember 2001.

12. Önnur mál.

Engin

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:10

Andrés Pétursson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Sigfríður Ingvarsdóttir

Sigurlaug Sigurðardóttir

Sigurgeir Ólafsson

Gestur Pétursson